

anda eptir þessum úrslitum málsins að greiða stefnda 15 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandinn O. J. Haldorsen greiði stefnda Eyjólfí Símonarsyni í málskostnað fyrir yfirdómi 15 krónur. Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans, sæti ella aðför að lögum.

Nr. 51/1894:

Guðrún Bjarnardóttir
gegn
Arnljóti Ólafssyni.

Dómur:

Mál þetta var höfðað í hjeraði af prestsekkju Guðrúnu Bjarnardóttur á Presthólum gegn prestinum sjera Arnljóti Ólafssyni á Sauðanesi til sekta og skaðabóta fyrir brot á grafreitsgrindum kringum leiði manns hennar í kirkjugarðinum á Sauðanesi, sem vinnumaður eða verkamaður sjera Arnljóts á að hafa verið valdur að, er hann fyrir prestinn, húsbónda sinn, var að rífa gömlu kirkjuna á staðnum sumarið 1891, en með aukarjettardómi Þingeyjarsýslu 24. júlí f. á. var málinu frá vísað af hjeraðsdómaranum ex officio sökum ólög-mætrar sáttatilraunar og áfrýjandi dæmd til að greiða málskostnaðinn.

Dómi þessum hefur nefnd prestsekkja áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 12. nóv. f. á., og krafist þess, að hann verði úr gildi felldur og málinu vísað heim í hjerað aptur til löglegri meðferðar og dómsáleggingar að aðalefninu og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi með 50 kr. Hinn stefndi hefur aptur á móti gjört þá rjettarkröfu, að dómurinn verði staðfestur og sjer dæmdur allur málskostnaður hjá áfrýjanda fyrir báðum rjettum með 50 kr.

Ólögmæti sáttatilraunarinnar og þar af leiðandi frávísun málsins hefur hjeraðsdómarinn byggt á því, að stefnandi í hjeraði (áfrýjandi) hafi í raun og veru skoðað stefnda, sjera Arnljót, og fyrrtjéðan verkamann hans, er var valdur að broti grafreitsgrindanna, sem samaðila eða (passiva) litis consortes í máli þessu, og hafi því sáttatilraunin í málinu átt að ná til þeirra beggja, en stefnandi hafi látið kalla sjera Arnljót einan sjer fyrir sáttanefnd, og með því gjört það ef til vill að verkum, að ekki komust sættir á. Fyrnefnd skoðun stefnanda um litis consortium stefnda og verkamanns hans hefur þó eigi komið fram í máli þessu og styðst eigi við annað en það, að stefnandi byrjaði málssókn sína með því að stefna mönnum þessum báðum fyrir sáttanefnd, en reyndar hvorum í sínu lagi, til þess að ná bótum hjá þeim öðrum hvorum með samkomulagi, en er þetta brást, hóf hann mál þetta fyrir rjetti gegn stefnda og beindi í því kröfum sínum gegn stefnda einum, og var þá nægur grundvöllur fyrir því sú tilraun til sáttar, er

reynd hafði verið við stefnda einan sjer. Sáttatilaunin í málinu var því eigi ólögmet af greindri sök og frávísun málsins því af þeirri ástæðu eigi á rökum byggð. Og með því eigi verður heldur tekið tillit til annara aðfinninga gegn sáttatilauninni í málinu, er fram hafa komið frá stefnda hálfu og sem hjeradsdómarinn heldur eigi hefur álitð eiga við rök að styðjast, ber að fella hinn áfrýjanda frávísunardóm úr gildi og vísa máli þessu eptir kröfu áfrýjanda heim aptur í hjerað til löglegrí meðferðar og dómsáleggingar. Málskostnaður fyrir yfirdómi á eptir atvikum að falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjadi aukarjettardómur skal úr gildi felldur og málinu heim vísað til löglegrí meðferðar og dómsáleggingar. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Mánudaginn 26. ágústmánaðar.

Nr. 22/1895: Bóksalafjelagið í Reykjavík
gegn
ýslumanni Jóni Johnsen og
Eyjólfí Eyjólfssyni Wíum.

Dómur:

Í máli þessu, er það síðasta rjettardag, 19. þ. m., átti samkvæmt málaskrá yfirdómsins að falla í rjett, mættu stefndu ekki eða neinn af þeirra